Nr. 1259 20. desember 2007

# AUGLÝSING

**um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2008.**

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármálaráðuneytið árlega innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfalli útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjuskattshlutfall á árinu 2008 verður 22,75%. Meðalútsvar á árinu 2008 samkvæmt fyrirliggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 12,97%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2008 verður því 35,72%.

*Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 2007.*

F. h. r.
**Baldur Guðlaugsson.**

*Ingibjörg Helga Helgadóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2007